

## Tryggvi Þórhallsson

---

**From:** Tryggvi Þórhallsson  
**Sent:** 24. október 2013 10:57  
**To:** 'Jóna Rut Guðmundsdóttir'; 'Ásgeir Sigurgestsson'; Aðalsteinn Sigfússon (Adalsteinn@kopavogur.is); 'Guðjón E. Friðriksson'; 'Rannveig Einarsdóttir'; 'Kristín Þyrí Þorsteinsdóttir'; 'Ásta Stefánsdóttir'; 'Jón Pétursson'; 'Jón Kristján Rögnvaldsson'; Sif Huld Albertsdóttir; 'Gréta Sjöfn'; 'Soffía Lárusdóttir'; doggkara@nordurthing.is; gudrunf@egilsstadir.is; 'Helga Gunnarsdóttir'  
**Cc:** Gyða Hjartardóttir; Guðjón Bragason; Valur Rafn Halldórsson  
**Subject:** Spurningakönnun til þjónustusvæða í málefnum fatlaðs fólks  
**Attachments:** Survey\_40481161-3.pdf - Adobe Reader.pdf

**One:** -1

### Til tengiliða vegna gagnaöflunar hjá þjónustusvæðum.

Vísað er til heimsóknna og funda á þjónustusvæðin 15 í málefnum fatlaðs fólks. Eins og þar var rætt er það liður í endurmati á yfirfærslunni að afla gagna hjá þjónustusvæðunum um ýmis atriði sem varða framkvæmd málaflokksins. Drög að spurningalistanum voru kynnt þar sem markmiðið var einkum að leiða í ljós hvort það fjármagn sem fluttist yfir til sveitarfélaganna dugir til þess að standa undir þeirri uppbyggingu sem stjórnvaldsaðgerðir kalla á, þar á meðal skv. framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks sem Alþingi samþykkti í júní 2012.

Í heimsóknunum og í framhaldi af þeim hafa komið fram margvíslegar ábendingar um framsetningu og efni spurningalistans. Nokkrar spurningar vörðuðu atriði sem ekki þótti ástæða til þess að leggja vinnu á svarendur með og þær felldar út úr drögunum. Á hinn bóginn komu fram ýmsir þættir sem nauðsynlegt þótti að spyrja um. Varð niðurstaðan því sú að spurningum fjölgaði nokkuð frá því sem kynnt var í drögum og eru þær 85 talsins. Spurningarnar hafa fengið umtalsverða rýni og er það mat sambandsins að könnunin fari bil beggja þannig að niðurstöðurnar verði áreiðanlegar og nothæfar við endurmatið án þess að óhófleg vinna sé lögð á svarendur. Áhersla er einnig lögð á að gagnaöflunin þjónar þeim tilgangi að tryggja hagsmunum sveitarfélaganna í viðræðum um framtíðarfjármögnun á málaflokknum.

Spurningakönnuninni er svarað rafrænt á vefnum á þessari slóð: <https://www.surveymonkey.com/s/3NMZ7PJ>.

Tengiliðir eru vinsamlegast beðnir um að ganga úr skugga um að svör þeirra vistist inn í formið en gengið er út frá því að tengiliður sé sá aðili á hverju svæði sem sér um að færa inn svörin. Fyrir tengiliði á þjónustusvæðum með fleiri en eitt sveitarfélag er aðalatriðið að tryggja samráð um svörin þannig að þau séu rétt m.v. stöðu mála á svæðinu í heild og að teknu tilliti til þess að munur getur verið á milli sveitarfélaga. Svarkostir hafa verið settir upp til þess að endurspeglar mögulegan mun í ýmsum tilvikum en ef fleiri möguleika vantar er óskað eftir því að gerð sé grein fyrir því í textaboxi fyrir athugasemdir aftast í könnuninni (no. 86).

Ef svarendur hnjóta um einhver atriði í könnuninni sem eru óljós eða orka tvímælis, er þess eindregið óskað að viðkomandi hafi samband við undirrituð svo bregðast megi við ambögum. Ennfremur er minnt á skilgreiningar sem eru fremst í könnuninni.

Þá eru á nokkrum stöðum í könnuninni virkir hlekkir inn á ákvæði laga, reglugerða og framkvæmdaáætlunar. Með því að smella á hlekkinn opnast nýr gluggi með þessum upplýsingum og á hann ekki að hafa áhrif á svargluggann.

Meðfylgjandi er einnig pdf-útgáfa af könnuninni til útprentunar fyrir þá sem vilja undirbúa svörin á pappír, en mikilvægt er að svörin berist í gegnum vefinn og að vinnunni ljúki með því að smella á **Done** aftast í könnuninni til þess að staðfesta að svörin sé lokið.

Þess er farið á leit að þjónustusvæðin hafi lokið við að svara spurningakönnuninni **þann 25. nóvember n.k.** Unnið verður úr svörunum og skýrsla um niðurstöðurnar teknar saman, þar sem einnig verður farið yfir þau atriði sem

nefnd voru í heimsóknnum og á fundum með fulltrúum þjónustusvæðanna. Vonir standa til þess að skýrslan liggi fyrir um mánaðamót janúar / febrúar. Jafnvel stendur til að halda upplýsinga- og umræðufund síðari hluta febrúar þar sem farið yrði yfir niðurstöðurnar og ályktanir sem draga má af þeim.

Fyrirfram þakkir fyrir þátttökuna.

Með kveðju fyrir hönd sambandsins,

Guðjón Bragason, Tryggvi Þórhallsson og Gyða Hjartardóttir

## Tryggvi Þórhallsson

---

**From:** Tryggvi Þórhallsson  
**Sent:** 25. nóvember 2013 17:09  
**To:** 'Jóna Rut Guðmundsdóttir'; 'Ásgeir Sigurgestsson'; 'Aðalsteinn Sigfússon (Adalsteinn@kopavogur.is)'; 'Guðjón E. Friðriksson'; 'Rannveig Einarsdóttir'; 'Kristín Þyrí Þorsteinsdóttir'; 'Ásta Stefánsdóttir'; 'Jón Pétursson'; 'Jón Kristján Rögnvaldsson'; 'Sif Huld Albertsdóttir'; 'Gréta Sjöfn'; 'Soffía Lárusdóttir'; 'doggkara@nordurthing.is'; 'gudrunf@egilsstadir.is'; 'Helga Gunnarsdóttir'; 'Helga Þórarinsdóttir'; 'Guðlaug Ósk Gísladóttir'; 'Karólína Gunnarsdóttir'  
**Cc:** Gyða Hjartardóttir; Guðjón Bragason; Valur Rafn Halldórsson  
**Subject:** Spurningakönnun - frábært ef svörin ná að berast fyrir lok vikunnar

Sæl verið þið,  
svörin við spurningakönnuninni eru nú óðum á leið í hús og erum við mjög þakklát fyrir hversu vel þið hafið tekið í þetta verkefni.

Einhver svæði eru í lokayfirferð o.þ.h. og þess vegna væri frábært ef þið gætuð tryggt að öll svör hafi borist og lokið hafi verið við könnunina (með því að smella á DONE aftast) **fyrir lok vikunnar, þ.e. föstudag 29. nóv.**

Því miður komu upp tæknilegir örðugleikar við svörun á einhverjum svæðum og jafnvel þannig að það sem slegið var inn á vefinn vistaðist ekki. Það er óljóst af hverju þetta stafar en beðist er velvirðingar á því ef MonkeySurvey forritið hefur ekki virkað sem skyldi. Við verðum í sambandi við ykkur vegna þessa þar sem við á.

Við höfum fengið ábendingar og athugasemdir við framsetningu nokkurra spurninga sem rétt er að halda til haga:

Sp. 2 – 5: Þessum spurningum er einkum ætlað að draga fram hvort samningar um þjónustu sem gerðir eru **við aðila utan við stjórnýslu sveitarfélaga** hafi orðið fleiri og kostnaðarsamari eftir yfirfærslu. Hér er bara átt við samninga þar sem einhverjir fjármunir fara frá sveitarfélaginu til aðila utan stjórnýslu þess **vegna þjónustu**. Samningar (1) við notendur sem ekki fela í sér að sveitarfélagið greiði innsenda reikninga eða (2) sem gerðir eru við aðrar stofnanir sveitarfélagsins eiga því ekki að koma inn í þessi svör. Til annarra stofnana sveitarfélagsins í þessum skilningi myndu m.a. teljast hjúkrunarheimili sem svf. rekur og ættu samningar við hana ekki að telja með í spurningum 2 - 5. Ef sjálfseignarstofnun rekur hjúkrunarheimili myndi það vera þjónustusamningur við rekstraraðila og telja í sp. 2 – 5. Þá teljast leigusamningar um húsnæði ekki með undir þessum spurningum. Samningar um stuðningsfjölskyldur myndu hins vegar teljast til þessara samninga nema mögulega í þeim tilvikum (ef til eru) þar sem fjölskyldan er á launaskrá hjá viðkomandi sveitarfélagi.

Sp. 6: Ath. að samningar skv. 6. sp. vísa til þeirra samninga sem spurt er um undir sp. 2 – 5, þ.e. að samningar innan stjórnýslu sveitarfélagsins eða samningar við notendur án innsendra reikninga teljast **ekki** með í þessari spurningu. Ergo: Ef sveitarfélagið veitir þjónustuna með sínu starfsfólki og greiðir viðkomandi laun þá eiga þeir samningar ekki að telja undir 6. sp.

Sp. 16 – 17: Réttilega var á það bent að munurinn á bókfærðum kostnaði og heildarkostnaði væri óljós. Til skýringar þá er *bókfærður kostnaður* skilgreindur sem kostnaður bókfærður á liðina 02-50 – 02-59. *Heildarkostnaður* tilgreinir það sem bókfært er á 02-50 – 02-59 **að viðbættum** þeim kostnaði sem bókfærður er á aðra liði en sem er sannanlega vegna þeirra þjónustuþátta sem verið er að spyrja um. Markmiðið er þannig að draga fram þann kostnað sem annars myndi hafa tilhneigingu til þess að dyljast í bókhaldinu.

Sp. 20 – 23: Eftir á að hyggja hefði verið rétt að skilgreina hugtakið „einstaklingsáætlun“ en þar er einkum verið að vísa til [10. og 17. gr. reglugerðar nr. 585/2010](#) (hvað viðkemur grunnskólanum). Einstaklingsnámskrá er af öðrum toga sbr. 11. gr. reglugerðarinnar.

Sp. 31: Með *stofnkostnaði* hér er átt við kostnað vegna stofnframkvæmda, sbr. skilgreiningu þar um. Þjónustusvæði sem t.d. hafa farið í **verulegar endurbætur** á aðstöðu fyrir hæfingu eftir yfirfærslu ættu að láta kostnaðinn koma fram í svari við þessari spurningu.

Sp. 37: Eins og komið hefur fram í ræðu og riti þá er hugtakið „atvinnumál fatlaðra“ ákaflega loðið og teygjanlegt og því hefur svar við spurningunni að líkindum kallað á nokkur heilabrot. Nokkuð ljóst þó að t.d. sumarstörf fyrir fatlaða framhaldsskólanema falla hér undir og í raun öll „tilboð“ sem sveitarfélagið á aðild að þar sem notandi er studdur til þess að afla sér einhverra tekna.

Sp. 56. Hér er ranglega vísað til sp. 44. Rétt tilvísun er til sp. 51.

Með bestu kveðju,  
Gyða, Guðjón og Tryggvi